


	Bls.
Fylgt úr hlaði .....	1
Menningar sjóður Magnúsar Bjarnasonar kennara ..	2
Vísna keppnin 1976 .....	6
Vísna keppnin 1977 .....	9
Sigurjón Björnsson:	
Séra Helgi Konráðsson 1902–1959 .....	10
Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Safnahús	
Skagfirðinga: Ársskýrsla 1976 .....	18
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 30 ára .....	24
Skrá yfir gefendur handrita 1976 .....	33
Nokkur orð um örnefni .....	34
Safnafréttir .....	36

1. árgangur 1977

# safna mál



Útgefandi:  
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA  
og  
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA  
SAUÐÁRKRÓKI

AKUREYRI  
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.  
MCMLXXVII

Umsjón:  
HJALTI PÁLSSON  
KÁRI JÓNSSON  
KRISTMUNDUR BJARNASON  
Ábyrgðarmaður:  
KÁRI JÓNSSON

## Fylgt úr blaði

Sá er megintilgangur með útgáfu þessa bæklingis að kynna Vísna-  
keppni Menningarsjóðs Magnúsar Bjarnasonar kennara. Í leið-  
inni verður fjallað um önnur málefni, er söfnin varða, og með  
því leitast við að treysta sem best samskipti þeirra við Skag-  
firðinga fjær og nær svo og aðra áhugamenn.

Að þessu sinni eru Safnamál send ókeypis, en í ráði er, að ritl-  
ingurinn komi út árlega, og verður hann framvegis hafður til  
sölu á kostnaðarverði. Þeir, sem vilja gerast áskrifendur, eru  
bednir að útfylla meðfylgjandi pöntunarseðil og senda til Héraðs-  
skjalasafns Skagfirðinga, Sauðárkróki, eða koma pöntun áleiðis  
með öðrum hætti.

Útg.

## Menningarsjóður Magnúsar Bjarnasonar kennara

Magnús Bjarnason kennari á Sauðárkróki fæddist í Stóru-Gröf í Staðarhreppi 13. marz 1899. Foreldrar hans voru hjónin Bjarni Magnússon, síðar járnsmiður á Sauðárkróki, og Kristín Jósefs-



*Magnús Bjarnason.*

dóttir frá Strandhöfn í Vopnafirði. Börn þeirra hjóna, Guðrún og Magnús, ólust upp í foreldrahúsum á Sauðárkróki. Guðrún varð kona Haralds Júlíussonar kaupmanns þar, en Magnús kvæntist ekki og átti ekki afkomendur.

Að loknu námi í barna- og unglingskóla á Sauðárkróki, brautz hann í að afla sér frekari menntunar þrátt fyrir mikla fátækt. Hann fór í Kennaraskólann í Reykjavík og brautskráðist þaðan 1924. Síðan hófst lífsstarfið. Hann var kennari í Torfulækjarhreppi í Húnavatns-sýslu 1924–1927, Rípurhreppi 1927–1931, Holtshreppi 1931–1933 og

við Austurbæjarskólann í Reykjavík 1933–1934. Síðan var hann kennari við barnaskólann á Sauðárkróki, unz hann hætti störfum 1961.

Magnús Bjarnason var vinsæll og áhugasamur kennari, sem hélt uppi aga án þess að beita hörðu. Börn litu á hann sem féлага og vin. Tvívegis fór hann námsferðir til Norðurlanda til að kynna sér skólamál.

Magnús var lágur meðalmaður á vöxt. Hann var snyrtimenni, þrúðmannlegur, glaður og reifur í viðmóti; skoðanafastur og taldi sér ekki skylt „að heiðra sama“ og aðrir allt“. Magnús var mesti lestrarhestur og tók afstöðu til allra mála. Hann var óeigin-gjarn hugsjónamaður.

Magnús var mikill félagshyggjumaður, átti um árabíl sæti í hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps og síðar í bæjarstjórn. Árið 1925 varð hann formaður Verkalýðsfélagsins Fram á Sauðárkróki og þótti löngum harðsnúinn baráttumaður. Um sinn var hann og formaður Ungmennasambands Skagafjarðar, sat í fyrstu stjórn Varmahlíðarfélagss og upp frá því, meðan það starfaði; einnig um skeið stjórnarnefndarmaður Kaupfélags Skagfirðinga. Ungur hóf Magnús stjórn málaafskipti, átti sæti í miðstjórn Alþýðuflokksins og stjórn flokksfélagsins á Sauðárkróki og var löngum fjárhagslegur bakhjarl þess. Fleiri félagsmálastörfum sinnti Magnús, þótt ekki verði tíunduð hér.

Pegar Héraðsskjalasafn Skagfirðinga var opnað til almennra nota á öndverðu ári 1972, gerðist Magnús fastagestur þar, kom oftast fyrstur og fór síðastur og stundaði „fræðin“ kappsamlega.

Magnús Bjarnason var mikill fédrengur. Fjármunir voru honum jafnan ógnægri vilja til að gefa; jós þó ekki fé á báðar hendur að óhugsuðu máli. Hann styrkti þann málstað, sem honum var kær og var stórgjöfull fátæku fólki, en flíkaði ekki. Á öndverðu ári 1975 seldi hann húseign sína á Sauðárkróki fyrir umtalsverða fjármuni. Ekki kom honum til hugar að sitja að hitunni, heldur gaf andvirðið allt, nokkrar milljónir króna, til styrktar málefnum, sem hann bar fyrir brjósti.

Fimmtudaginn 13. marz fyrrnefnt ár kom Magnús í safnið að vanda. Hann skákaði til mín bréfi, sem ég lagði til hliðar án þess að opna, taldi þetta einhverja fyrirspurn, sem hann hefði verið beðinn fyrir. Ég tók Magnús tali. Hann var brennandi í andan-

um sem endranær. Loks ýjaði hann eftir, hvort ég ætlaði ekki að opna seðilinn, og gerði ég það. Upp úr umslaginu dró ég banka-  
bók með hálftrar milljónar króna gjöf til héraðsskjalasafnsins. Gefandi var Magnús Bjarnason. Þegar ég þakkaði rausnina, sagði hann nærri því afundinn: Þetta er ekki umtalsvert. Hvað hef ég svo sem með peninga að gera? Ég er bara að þakka fyrir mig.

Ég vissi ekki fyrr en eftir lát hans, að hann átti afmæli þenna dag.

Gjafabréfinu fylgdu nokkrar línur, sem Magnús vakti sérstaka athygli mína á: „Það skal tekið fram, að ég vil, að engin tilkynning sé birt um gjöf þessa, enda nægur tími til þess, þegar ég er dauður.“

Í gjafabréfinu skilyrta Magnús gjöfina m. a. svo: „Það skilyrði er sett fyrir gjöf þessari, að stjórn safnsins láti árlega fara fram vísnaþeppni í héraðinu.“

Sé í fyrsta lagi verðlaunuð bezta vísan, sem berst, og í öðru lagi séu menn beðnir að botna vísur og höfundu bezta botnsins veitt verðlaun, veita má fleiri en ein verðlaun.

Taka skal fram, að ekki ber að taka gildar aðrar vísur en þær, sem orkta eru undir hefðbundnum hætti og notaðir eru höfuðstafir og stuðlar. . .

Sjóðurinn skal heita Menningarsjóður Magnúsar Bjarnasonar kennara. . .“

Magnús stundaði vísnaöfnun og lét eftir sig allmikið safn, sem nú er eign Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. Vel var mér ljóst, að hann fyrirleit af hjarta svonefndan atómkveðskap, og þótti mér hann nokkuð stórtækur, er hann flokkaði ljóð undir það kveðskaparlag. Magnús þuldi mér oft atómljóð eða það, sem hann kallaði „langlokur af vitleysu“, og satt bezt að segja var hann undur fundvís á það, sem merglausast var og sætti furðu, að hann skyldi leggja á sig að læra. En það kvaðst Magnús gera til þess að hafa tiltæk rök í deilum um kveðskap. — Menningarsjóður Magnúsar Bjarnasonar kennara er því öðrum þræði stofnaður til höfuðs „rímlaysingjum“, en hefðbundnu kveðskaparlagi til styrktar.

Það kom í minn hlut að undirbúa vísnaþeppnina með Magnúsi og ræða framtíðarskipulag hennar. Hinn 19. nóvember (1975) var í ráði að ganga endanlega frá fyrirkomulaginu. Sjálfsgagt þótti, að Magnús réði tilhögun allri, en þar kaus hann að hafa samráð við stjórnina. Nokkrum klukkustundum áður en fundur átti að hefjast, töluðum við saman í síma og ræddum „vísnaþeppin“ þá sem oftast. Hann var hress í anda eins og endranær; hlakkaði til að ganga frá þessu máli. Fundur átti að hefjast kl. 8; okkur talaðist svo til, að hann kæmi um níuleytið, er önnur fundarmál hefðu verið rædd.

Magnús hélt heiman að frá sér um hálfnú og gekk að vanda hratt suður götu. En hann komst ekki á leiðarenda. Dauðinn beið hans á gatnamótum, nokkur fótmál frá Safnahúsinu.

Það kom því í hlut safnsstjórnar að ganga endanlega frá fyrirkomulagi vísnaþeppninnar, og voru að sjálfsgögðu óskir Magnúsar heitins virtar í hvívetna. Magnús hafði eindregið mælt með því, að svo yrði um hnúta búíð, að öllum skagfirzkum heimilum væri kynnt vísnaþeppnin hverju sinni, svo að þátttaka gæti orðið sem mest. Ennfremur vildi hann fela stjórninni að leitast við að ná til Skagfirðinga utan héraðsins. Af fyrrgreindum ástæðum er þessi ritlingur til komin.

Skyllt er að lokum að þakka, að Verkamannafélagið Fram á Sauðárkróki heiðraði látinn forustumann sinn, Magnús Bjarnason, með því að gefa í menningarsjóð hans hundrað þúsund krónur.

*Kristmundur Bjarnason.*

## Vísnaþkeppnin 1976

Fyrsta vísnaþkeppnin á vegum Menningarsjóðs Magnúsar Bjarnasonar kennara fór fram í fyrra. Sökum fráfalls stofnanda sjóðsins, Magnúsar Bjarnasonar, varð stjórn hans margt að vanbúnaði. Glóðafeykir, félagstíðindi Kaupfélags Skagfirðinga, hljóp þá undir bagga og tók til birtingar greinargerð fyrir keppnina svo og fyrriparta, sem botna átti, en þá hafði Magnús útvegað, og er nú ekki fullvíst um höfunda að þeim. Fyrripartarnir voru þessir:

Úti finn ég ekkert skjól,  
inni glæður dvína.

Þó sindri á lofti sólarglit  
er svali um fell og ögur.

Um kvennréttindi stendur styr,  
stefnumót hjá konum.

Hvað mun þetta kvennaár  
konum Íslands færa?

Stakan lifir alltaf á  
Íslendinga vörum.

Harpan mín er heldur stíð,  
hreyfi ég sjaldan bogann.

Vetur sindrar fjöllum frá,  
fölna myndir hlíðar.

Allt er blátt um land og lón,  
lifnar máttur þorsins.

Aldrei drepur atómljóð  
alveg ferskeytluna.

Um 300 vísur bárust, og voru höfundar um 60 talsins. Langsamlegur meiri hluti vísuþotnar, en sárafaár heilar vísur. Því reyndist ekki unnt að verðlauna þær, þar eð úr of litlu var að moða.

Dómnefnd skipuðu þrír Skagfirðingar: Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Hannes Pétursson skáld og Sigurjón Björnsson prófessor.

Eftirtaldir þotnar þóttu verðir viðurkenningar, og var enginn munur á þeim gerður innbyrðis, þannig að einn hlyti 1. verðlaun, annar 2. verðlaun o. s. frv. Verðlaunabotnarnir eru skráðir í stafrófsröð eftir upphafsorði:

1. Um kvennréttindi stendur styr,  
stefnumót hjá konum.

Botn: Eru að lokast allar dyr  
okkur karlmönnonum.

Sigurður Óskarsson, Krossanesi, Skag.

2. Úti finn ég ekkert skjól,  
inni glæður dvína.

Botn: Nú er ekki sumarsól  
að syngja í vísu mína.

Magnús Gíslason, Vöglum, Blönduhlíð.

3. Stakan lifir alltaf á  
Íslendinga vörum,

Botn: segir dýpstu sælu frá,  
sorg og mæðukjörum.  
Jóhann Magnússon, Varmalæk, Skag.

4. Þó sindri á lofti sólarglit,  
er svali um fell og ögur.

Botn: Yfir lágrí lækjarfit  
liggur hélukögur.  
Sigurður, Hansen, Sauðárkróki.

Ímprað hefur verið á því, að birtir væru nokkrir botnar til viðbótar þeim, sem viðurkenningu hlutu. Rúm leyfir ekki að þessu sinni, að þeim séu gerð viðhlítandi skil. Þó skal veitt nokkur úrlausn og ræður handahófsháttur valinu. Aðeins er tekinn einn botn við hvern fyrrihluta hér næst að framan og haldið sömu röð:

1. sem eflaust verða eins og fyr  
undir í viðskiptonum.  
Stefán Stefánsson frá Mósakógum.
2. Fyndi ég yl af faldasól  
færi mér strax að hlýna.  
Pétur Jónasson, Sauðárkróki.
3. Meinleg eða mild á brá  
mun hún verða í förum.  
Stefán Stefánsson frá Mósakógum.
4. Breyta munu brátt um lit  
blómin jarðar fögur.  
Sigríður Árnadóttir, Svanavatni, Hegranesi.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga flytur hagrðingunum öllum svo og dómnefndinni beztu þakkir.

K. B.

## Vísnaþeppnin 1977

Dómnefnd hefur lagt til, að fyrirkomulagi vísnaþeppninnar verði breytt nokkuð. Í fyrra urðu mjög slæmar heimtur á heilum vís-um, eins og fyrr segir, en ætlazt er til, að þeppnin sé tvíþætt: *heil- ar vísur og botnar*. Lesendur eru því beðnir að senda *heil- ar vísur*, áður óprentaðar, en þátttakendum er markaður bás, hvað yrkis-efni varðar. Að þessu sinni á að yrkja um *haustið*, þ. e. a. s. fyrir- sögn allra vísna, sem þeppninni berast er: *haustvísa*. — Það hefur ýmsa kosti með sér, að allir yrki um sama efni, t. a. m. er betra að gera upp á milli. Af svipuðum ástæðum verður fyrirpörtunum nú fækkað í tvo. Þátttakendur eru beðnir að botna eftirfarandi:

Ellimörkin engan hrjá 17  
ævidag þó lengi

— — —

Urgar á grjóti aldan há,  
úfin þjóta skýin.

Í þriðja lagi eru lesendur beðnir, þótt ekki komi þeppninni við nema óbeint, að senda vísnaöfn sín og annarra — eða afrit af þeim — til geymslu í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Er þar komið á framfæri beiðni frumkvöðuls þeppninnar.

Frestur til að skila botnum og vísnum til þeppninnar í ár er til 31. des. 1977. Þátttakendur mega nota dulnefni, ef þeim svo sýnist, en rétt nafn og heimilisfang verður þá að fylgja með í lok- uðu umslagi. Bréf skal senda til: Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Sauðárkróki.

SIGURJÓN BJÖRNSSON:

## Séra Helgi Konráðsson 1902-1959

Séra Helgi Konráðsson var maður, sem Skagfirðingar mega lengi minnst. Hann var mikill mannkostamaður, og hann markaði spor í skagfirzka menningarsögu, sem lengi mun sjá stað.



*Séra Helgi Konráðsson.*

Sr. Helgi fæddist á Syðra-Vatni á Efrabyggð þann 24. nóvember 1902. Hann andaðist 30. júní 1959 og hefði því orðið 75 ára á þessu ári, ef aldur hefði enzt. Hann var sonur Konráðs bónda á Syðra-Vatni Magnússonar og Ingibjargar Hjálmsdóttur frá Norðtungu í Borgarfirði. Ættir er hér óþarft að rekja, því að um þær er fjallað í prentuðum ritum.

Sr. Helgi lauk guðfræðiprófi árið 1928. Árið 1934 var honum veitt Reynistaðarklaustursprestakall. Fluttist hann þá til Sauðárkróks og átti þar heimili til æviloka.

Hann kvæntist 5. ágúst 1933 Jóhönnu f. 14. apríl 1911 Þorsteinsdóttur bónda á Reykjum í Hrutafirði Einarssonar og konu hans Guðrúnar Jónsdóttur. Kjördóttir

þeirra er Ragnhildur bókavörður í Reykjavík. Jóhanna andaðist 8. september 1973.

Starfsævi séra Helga í Skagafirði varð þannig réttur aldarfjórðingur. Störf hans voru mikil og margvísleg og falla með eðlilegum hætti í tvo farvegi, þegar frá þeim skal greint: annars vegar voru þau, er embætti hans fylgdu, og hins vegar þau er að mennta- og menningarmálum lutu.

Öllum ber saman um, að séra Helgi hafi verið ágætur kenni- maður. Stólræður hans voru ætíð vandlega samdar, viturlegar og kreddulausar. Þó hygg ég að flestum hafi þótt þau orð hans best, er hann talaði yfir moldum látinna. Þar fékk notið sín hin djúpa samúð hans og glöggi og velviljaði mannskilningur, sem svo mjög gætti í öllu dagfari hans. Sumar útfararræður hans urðu þeim, sem á hlýddu næsta minnistæðar, ekki sízt þær, sem voru kveðju- orð yfir þeim, sem staðið höfðu skuggamegin í tilverunni. Annars var það almælt, að sr. Helgi væri „meiri prestur utan kirkju en innan“. Þetta var með vissu ekki sagt til að varpa rýrð á kirkju- leg störf hans, heldur til að draga fram hina einstöku velvild hans, mannkærleika og hjálpfýsi við sóknarborn sín. Og einmitt í því efni hygg ég, að hann hafi átt fáa jafningja. Sauðkræking- um og öðrum sóknarbornum hans þótti sjálfsagt að leita til hans, þegar einhvern vanda bar að höndum. Alúð hans og látleysi gerði fólki það auðvelt. Fáir dagar munu hafa liðið svo, að ekki ættu allmargir persónuleg erindi við prest. Hann kunni það lag að láta alla fara glaðari og hressari af þeim fundi. Ekki ætla ég mér þó þá dul að lýsa í hverju galdur hans sem sálusorgara var fól- ginn. En augljóst var, að það sem mestu skipti var það, að fólk vissi að það gat treyst honum, að hann var vinur þess, vitur og sanngjarn. Hann kunni og þá list að hlusta af þolinmæði og al- vöru. Og hann gat sagt fólki beiskan sannleika, án þess að það særði. Honum var og lagið að þræða hina vandrötuðu leið milli gamans og alvöru. Þá spillti það ekki fyrir, að gestir voru einatt leiddir til stofu að loknu viðtali, þar sem hin gestrisna og alúð- lega eiginkona veitti af rausn.

Embætti séra Helga var allumfangsmikið, þar sem hann auk

aðalprestakalls síns gegndi einnig Hvamms- og Ketuprestakalli um skeið og var prófastur í Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1952 til dánardægurs. Þar sem hann vandaði öll sín embættisverk mjög hvort sem um var að ræða kirkjulegar athafnir eða „bókhald“ og mikill tími fór til viðtala og fyrirgreiðslu hvers konar, mætti ætla að lítill tími hefði orðið afgangs til annarrar iðju. Það var þó aldeilis ekki. Og vikur nú sögunni að hlutdeild sr. Helga í mennta- og menningarmálum héraðsins.

Séra Helgi var ekki fyrr kominn til Sauðárkróks en hann tók að sér kennslu við Unglingaskóla Sauðárkróks. Þar kenndi hann til ársins 1946. Hann kenndi jöfnum höndum ensku, dönsku, íslenzku og stærðfræði, eftir því sem á þurfti að halda, enda þótt enska muni hafa verið sú grein, sem hann kenndi lengst og mest. Árið 1946 voru tveir skólar stofnaðir á Sauðárkróki að miklu leyti fyrir ötula forgöngu sr. Helga: Gagnfræðaskóli Sauðárkróks, sem leysti Unglingaskólann af hólmi og Iðnskóli Sauðárkróks. Dæmdest það á sr. Helga að taka að sér stjórn beggja skólanna, því öðrum heimamönnum var naumast til að dreifa. Varð það því hlutskipti hans að móta starfsemi þessara skóla og fleyta þeim yfir byrjunarörðugleikana. Jafnframt kenndi hann talsvert í báðum skólunum. Iðnskólanum stýrði hann til ársins 1950 og Gagnfræðaskólanum til 1956. Má nærri geta, að hér hefur verið um mikið starf að ræða, því að þá tíðkaðist það ekki að skólastjórar hefðu ritara sér til aðstoðar. — Auk þessara skólastjórnar- og kennslustarfa veitti sr. Helgi oftast nær einhverjum ungmennum kennslu og leiðsögn í heimahúsum.

Séra Helgi leysti öll þessi störf af hendi með hinni mestu þryði eins og hans var raunar von og vísa. Hann hafði margt það til að bera, er gerði hann að góðum skólamanni. Virðing og ást á menntun og menntum var honum rótgróin og sjálfur var hann mæta vel að sér í hinum fjarskyldustu greinum. Hann var ágætur íslenzkumaður, vel að sér í ensku og dönsku og reikningsmaður var hann glöggur, að ógleymdri sögukunnáttu hans, sem var hin traustasta. Þá var hann reglusamur og stjórnsamur. Samskipti við samkennara og nemendur gengu afar lipurlega, enda báru allir

virðingu fyrir honum og þótti vænt um hann. Ég man ekki eftir því að hann þyrfti að beita svonefndum „aga“. Sem kennari var hann röskur og skýr, jafnan glaðlegur og ljúfmannlegur og átti það til að bregða á hóflegt gaman.

Skagfirðingar og þó sérstaklega Sauðkrækingar eiga sr. Helga mikla þökk að færa fyrir framlag hans til skólamála. Enginn vafi er á því, að margir unglingar hafa búið vel að þeirri fræðslu og leiðsögn, sem hann veitti, þó ekki væri lengra haldið í námi. Hann var einnig ódeigur að hvetja unglinga, sem hæfileika sýndu, til frekara náms, og studdi þá með ráðum og dád á menntabrautinni. Stofnun og starfræksla Iðnskóla Sauðárkróks var og vissulega þörf. Iðnskólinn stuðlaði tvímælalaust mjög að því, að iðnaður hefur á síðari árum orðið veigamikil atvinnugrein á Sauðárkróki.

Séra Helgi var einn aðalhvatamaður að stofnun Sögufélags Skagfirðinga skömmu eftir komu sína til Sauðárkróks og vann hann því félagi af lífi og sál meðan heilsa entist. Sá hann um útgáfur sumra af bókum félagsins (t. a. m. Skagfirzk ljóð), annaðist afgreiðslu um skeið, fjárreiður félagsins og hvað eina, þar sem hendi þurfti til að taka.

Þá var hann formaður stjórnar Sýslubókasafns Skagafjarðarsýslu á Sauðárkróki alla þá stund, er hann dvaldi á Sauðárkróki og bókavörður safnsins í mörg ár. Þessi starfspáttur var sr. Helga einkar hugfólgin, því að hann var bókelskur maður og hneigður fyrir fræðagrúsk. Hann vann safninu mikið starf, sem það mun lengi búa að. Þar er að telja, að hann gekkst fyrir því, að bókhlaða var reist, og bókakost safnsins jók hann mjög og endurbætti og kom góðu skipulagi á alla starfsemi safnsins. Svo gott orð fór af starfi hans og þekkingu á þessu sviði, að hann var kjörinn í milliþinganefnd, sem fjallaði um bókasafnamál og samdi lagafrumvarp um Almenningsbókasöfn.

Þegar sr. Helgi kom til Sauðárkróks, var bókakostur Sýslubókasafns einkar fátæklegur. Það hafði til afnota eitt lítið herbergi í gömlu húsi utarlega í bænum, og var þar „fátt um fína drætti“. En prestur gerðist fljótt athafnasamur um útvegum bóka og sýndi



hann þar bæði elju og hyggindi. Mjög var honum umhugað um, að safnið byði upp á annað og meira en afþreyingarlesefni. Minnir mig, að hann léti einhvern tíma orð um það falla, svo að ég heyrði, að hann vonaðist til þess að safnið gæti með tímanum orðið vinnustaður þeirra heimamanna og annarra, sem vildu vinna að rannsóknum á íslenskri sögu, bókmenntum, ættvísi og öðrum þjóðlegum fræðum. Sá draumur hans hefur nú rætt.

Þegar ég var strákur á árunum 1935–1940 var mikið atvinnuleysi á Sauðárkróki, einkum á vetrum. Kom þá bókasafnið í góðar þarfir og var geysimikið notað. Man ég eftir, að fullorðnir gátu þess stundum að það væri galli á sr. Helga, hvað hann veldi safninu „þungar“ bækur. En fólk las samt líka þessar „þungu“ bækur, þegar öðru var ekki til að dreifa. Það hefur klerkur eflaust vitað og ekki verið óljúft.

Einhvern tíma á árunum milli 1953–1955 gekk ég með sr. Helga á safnið og litaðist nokkuð um í hillum. Var ég hreint undrandi á því, hversu gott safnið var, og hversu mikið var þar að finna af sígildum verkum og undirstöðuritum, sem þá voru löngu orðin sjaldséð og ófánleg. Safnið var áreiðanlega óskabarn hans og stolt.

Hér má geta þess, að sr. Helgi var einnig mikilvirkur og ástríðufullur bókasafnari fyrir sjálfan sig, og lét hann eftir sig mjög mikið og gott safn íslenskra bóka. Ekki get ég lýst safni hans að neinu gagni, þó að margar stundir hefði ég bækur hans innan seilingar. Samt skakkar varla miklu þó að fullyrt sé, að þar hafi fáa seinni tíma rithöfunda vantað eða miklar eyður verið í sögu lands og þjóðar. Mikið átti hann og af gömlum ritum, t. a. m. biblíuútgáfur, svo að eitthvað sé nefnt. Prestur hafði allar færur úti til bókaöflunar, og sagði hann mér stundum kátlegar sögur af því, sem hér verða þó ekki tíndar til. Hann reyndi jafnvel líka að smita aðra með þessari heilnæmu „bakteríu“. M. a. skaut hann því að mér eitt sinn, er ég var á förum til útlanda að muna nú vel eftir því að krækja fingrum í allt það íslenskt prent er ég gæti „allt frá Hólaprenti til markaskráa“. Þá er það og víst að margt eitt fágætt kverið var honum falið til varðveislu af göml-

um vinum og skjólstæðingum, sem töldu að bezt væri að því hlúð í höndum hans.

Héraðsskjalasafnið naut verka sr. Helga á marga lund. Á vegum Sögufélagsins stóð hann að söfnun skagfirzkra handrita og lét afrita önnur. Þá safnaði hann sjálfur allmiklum ættafróðleik um Skagfirðinga. Eftir hans dag hafa ekkja hans og dóttir afhent Héraðsskjalasafni geysimikið safn ritaðra gagna úr förum hans. Er þar m. a. að finna stólræður hans og útfararræður, sem eru náma mannlýsinga og ættvísi.

Eins og að líkum lætur gafst sr. Helga ekki mikið tóm til annarra ritstarfa en þeirra sem embættisskyldur buðu. Samt sem áður samdi hann mikið og vandað rit um myndhöggvarann Bertel Thorvaldsen (1944). Eina bók mun hann hafa þýtt (Jón Miðskipsmaður eftir Kaptein Marryat), og allmargar greinar ritaði hann í blöð og tímarit. Þó að þetta sé nokkuð, hefðu flestir kosið að meira flyti úr penna hans, svo ágætlega ritfær sem hann var.

Þá var sr. Helgi þryðilega skáldmæltur, og hafa raunar sum af ljóðum hans orðið alþekkt undir lögum Eyþórs Stefánssonar.

Sr. Helgi kom víða við sögu í félagsmálum, auk þess sem að framan er greint. Það var þó áreiðanlega ekki sakir persónulegs metnaðar eða framagirni, því að slíkra hneigða held ég að lítið hafi gætt í fari hans. En hann skarst yfirleitt aldrei úr leik, ef liðsinnis hans var óskað. Þannig var hann liðsmaður í skáta-hreyfingunni og Goodtemplarareglunni um skeið. Eins var hann iðulega fenginn til til að stýra samkvæmum og flytja ræður og erindi á mannfundum. Þóttu mörg þeirra erinda bráðsnjöll, þar sem blandað var saman gamni og alvöru af óbrigðulli smekkvísi.

Hér hefur nú verið stiklað á stóru um starfsævi séra Helga Konráðssonar. Vera má að eitthvað hafi undan fallið vegna vanþekkingar. Engu að síður getur vart dulizt, að hann var mikill menningarfrömuður og mun handaverka hans lengi gæta. Þótt hann félli frá langt um aldur fram og ætti við heilsubrest að stríða hin síðustu æviár, sætir furðu hversu miklu hann kom í verk,

enda var maðurinn með eindæmum starfsamur og mikilvirkur hæfileikamaður.

En þrátt fyrir þessa skýrslu, þykir mér sem einungis hafi verið brugðið upp fölnaðri mynd af þeim manni, sem ég met öðrum fremur. Ég sé hann þó ljóslifandi fyrir mér: fremur lágvaxinn og grannan, fölan yfirlitum, skolhærðan og þunnhærðan; ennið breitt og mikið og augu sem liggja djúpt og horfa beint á þann, sem talað er við. Fas hans og svipur lýsti í senn látleysi, mildi og festu. Handtak hans var undarlega persónulegt og eftirminnilegt: þétt, öruggt og hlýtt. Það bauð heim falslausri vináttu og trausti.

Ég átti því láni að fagna að verða honum allhandgenginn um árabíl. Fyrst sem nemandi í unglingskóla, því næst sem einkanemandi mikinn hluta menntaskólans og loks sem samkennari hans við Gagnfræðaskóla Sauðárkróks. Margt er mér minnstætt frá þessum árum, þó að ekki sé ráðrúm til að rekja þær minningar að gagni á þessum vettvangi. Í tvo vetur hafði ég löngum stundum bækistöð með skólaskræður mínar í skrifstofu sr. Helga. Þar voru allir veggir fódraðir bókum frá gólfu til lofts. Prestur sinnti ýmsum erindum: skrapp frá til að kenna í Gagnfræðaskólanum, samdi ræður, færði kirkjubækur, og ræddi við gesti (ég brá mér þá oft fram í eldhús til frúarinnar á meðan og fékk kaffisopa — eða prestur leiddi gest sinn til stofu). Skólavandamál mín bar ég undir hann, þegar á þurfti að halda. Gilti það allar námsgreinar nema frönsku, og dugði sú leiðsögn mér ekki síður en þeim, sem sátu á skólabekknunum allan veturinn.

Þessar stundir hafa orðið mér ógleymanlegar. Sr Helga tókst að gera allt nám skemmtilegt og jafnvel spennandi. Ávallt var hann í góðu skapi, léttur og hress í lund. Margt var skrafað. Bækur skoðaðar, farið með ljóð og vísur og sögur sagðar. Það ætti ekki að þurfa að fjölyrða um, hver áhrif þetta kann að hafa haft á ómótaðan ungling. Eitt er víst, að sitthvað get ég fundið í fari mínu, sem rekja má til þessara ánægjulegu samvista.

Mörg tækifæri fékk ég til að kynnast því, hvernig sr. Helgi ræddi við sóknarbörn sín, og hefur það oft orðið mér umhugs-

unarefni síðar. Þá kynntist ég því einnig, að undir hinu milda og þýða yfirborði, bjó sterkur vilji, mikið skap og heitar tilfinningar. Á því gat örloð á stundum, þó að sjálfstjórn hans væri frábær. Þá hefur það alltaf verið mér óleyst ráðgáta, hvernig á því stóð að þessi starfssami og mikilvirki maður, virtist ætíð hafa nægan tíma til alls og fyrir alla. Það var aldrei að sjá, að hann ætti annríkt.

Það kann að virðast einkennilegt að skýra svo frá starfsævi prests, að ekki sé minnst á trúmál. Sannast sagna held ég að þau mál hafi aldrei borið á góma okkar í millum fyrr en ég var orðinn nokkurn veginn fullorðinn. Þá ræddum við stundum trúmál, og finnst mér að sumt úr þeim viðræðum geti bætt við þessa brotakenndu mannlýsingu. Við vorum síður en svo á einu máli, því að líklegast myndi ég hafa talizt efnishyggjumaður og trúleysingi, ef leyfilegt er að viðhafa svo háfleyg orð um lítt grundaðar og óþroskaðar vangaveltur ungmennis. Viðræður okkar leiddu aldrei til deilna. Til þess mat sr. Helgi of mikils „list skoðanaskipta“. Hann reyndi heldur aldrei að reka mig á stampinn, sem honum hefði þó auðvitað verið hægur leikur. Rök voru einungis leidd gegn rökum og staðhæfingar kannaðar. Ég man að hann sagði mér eitt sinn, að á yngri árum hefði hann verið daufur trúmaður, en trúarvissa hans hefði vaxið jafnt og þétt með árunum, og hann skýrði fyrir mér hvernig það hefði orðið. Eitt er víst, að þegar hér var komið sögu var séra Helgi trúarsterkur maður. Sú trú var sprottin af einlægri leit þess manns, sem virti staðreyndir og rökfasta hugsun. Hún var samofin persónuleika hans, hleypidómalaus, mild og björt, borin uppi af heitum tilfinningum og heilsteypum vilja.

Síðasta heimsókn mín til séra Helga verður mér ætíð minnstæðust allra okkar samverustunda. Hann lá þá helsjúkur og var ekki líf hugað, enda átti hann þá aðeins einn mánuð ólifaðan. Sjálfur vissi hann vel að hverju stefndi. Á þeirri kveðjustund skildist mér fyrst til fullnustu hvað í því felst að vera *karlmenni* og að vera *maður*.

# Héraðsbókasafn Skagfirðinga

## Safnahús Skagfirðinga

### ÁRSSKÝRSLA 1976

Þessi skýrsla Safnahússins og bókasafnsins er hin fyrsta, sem birtist á prenti, og standa vonir til, að þar verði framhald á. Þykir því hlýða að gera í örfáum orðum grein fyrir fortíðinni.

Upphaf Sýslubókasafns Skagfirðinga má rekja allt til ársins 1888, þegar séra Zophonías Halldórsson í Viðvík leggur til við sýslunefnd, að stofnað verði sýslubókasafn. Ekki var það gjört að því sinni, en nefnd kosin til að útvega bækur frá Amtsbókasafninu á Akureyri. Þetta þótti illa gefast, og árið 1904 var sýslubókasafnið stofnað með 100 kr. framlagi sýslunefndar og öðru eins úr landssjóði. Flest er á huldu um starfsemina fyrstu árin, en það var frá upphafi til húsa á Sauðárkróki og lengi í Ísleifshúsi (Aðalgötu 6) í umsjá Ísleifs Gíslasonar kaupmanns. Árið 1937 vænkaðist hagurinn þegar flutt var í nýtt húsnæði að Suðurgötu 7, en með stöðugum vexti bókasafnsins rak að því, að það hús yrði of lítið. Árið 1965 var hafizt handa um byggingu nýs safnahúss og um áramótin 1969–1970 var fyrsti hlutinn tekinn í notkun, er bókasafnið hóf þar útlán.

Sauðárkróksbær og Skagafjarðarsýsla eiga að jöfnu Safnahúsið og leggja því til rekstrarfé. Bærinn veitir hins vegar mun meira fé til rekstrarins, eins og eðlilegt má telja, þar eð húsið og söfnin

eru miklu meira notuð af íbúum bæjarins en héraðsins. Bæjarstjórn kys þrjá menn, en sýslunefnd tvo í stjórn Safnahússins til fjögurra ára í senn. Hana skípa nú: frá Sauðárkróksbæ: Kári Jónsson (formaður), Rögnvaldur Gíslason og Gunnar Helgason. Frá Skagafjarðarsýslu: Gísli Magnússon og Kristmundur Bjarnason.


Starfsfólk hússins var í árslok 1976: Hjalti Pálsson forstöðumaður Safnahússins og bókaforður, Kristmundur Bjarnason skjalavörður, Birna Guðjónsdóttir afgreiðslumaður útlána og Jóna Sveinsdóttir, er sá um ræstingu.

Á árinu 1976 varð veruleg aukning á starfsemi bókasafnsins eins og gefur að skilja, þar eð þetta var fyrsta árið, sem bókaforður gegndi fullu starfi. Nokkur hluti af vinnutíma hans fer þó til annars en bókasafnsins, því hann hefur einnig með höndum eftirlit með Safnahúsinu og húsbúnaði þess, salarleigu o. fl.

Hinn 30. september lét Eiríkur Rögnvaldsson af starfi bóka-



Bókakostur 1937–1976  
Tala binda




varðar og fór til náms í Háskóla Íslands. Hafði hann verið ráðinn til bráðabirgða til eins árs. Tók þá við starfinu Hjalti Pálsson.

Eiríkur varði mestum hluta vinnutíma síns, er aflögu var frá daglegum störfum, til spjaldskrágerðar. Spjaldskráning er firna mikið verk, en algjört grundvallaratriði fyrir hvert sæmilegt bókasafn. Gera þarf a. m. k. tvö og oft þrjú til fimm spjöld fyrir hverja bók, þannig að hægt sé að finna hana eftir höfund, titli og ef svo ber undir, þýðanda og ritröð. Eldri spjaldskrá var ófull-



Útlán 1960–1976  
Tala binda



komin og gerð eftir eldri flokkunarreglum en nú tíðkast, þannig að vinna varð hana upp að mest öllu leyti. Er nú svo komið, að til er a. m. k. tvöföld spjaldskrá yfir allar íslenskar bækur á útlánasal og barnadeild safnsins. Einnig yfir meginhluta íslenskra bóka á lestrarsal, og búið er að vélrita einföld spjöld yfir nokkurn hluta erlendra bóka. Talsvert er þó eftir og má þar nefna ýmsar gamlar bækur, tímarit öll og mikið af erlendum bókum, er þar stærstur þáttur hið mikla landbúnaðarbókasafn, sem Árni G. Eylands og kona hans hafa gefið til Héraðsbókasafnsins á undanförunum árum. Verður reynt að ljúka þessu verki á næstu einu til tveimur árum eftir því sem tími vinnst til.

Mjög brýnt er að hugsa fyrir endurnýjun á bókakosti útlánasalar. Algengast er, að ekki sé til nema eitt eintak af hverri bók og margt er orðið illa farið. Varið var miklum tíma í bráðabirgða viðgerðir og hundruð bóka voru settar í band til Stefáns Magnússonar bókbindara. Þá er tilfínanlegur skortur á handbókum ýmsum og fræðibókum og ennfremur vantar allvíða inn í ritraðir. Þarf að leggja á það áherzlu næstu árin að bæta úr þessu og verja auknu fé til bókakaupa.

Bókasafninu barst á árinu góð og verðmæt gjöf, þar sem Stefán Magnússon bókbindari ánafnar því öllum bókbandstækjum sínum og efni eftir sinn dag, eða þegar hann hættir störfum. Þá hefur Árni G. Eylands og frú enn sent bækur og bæklinga til safnsins. Ögmundur Helgason gaf nokkrar bækur og blöð, Sveinsína Bergsdóttir gaf bunka af tímaritsblöðum og Árni Blöndal bóksali gaf danskar bókaskrár. Á árinu 1975 bárust fjórir kassar með bókum og blöðum frá Guðrúnu Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð. Öllu þessu fólki eru færðar beztu þakkir fyrir ræktar-semi þeirra við safnið fyrr og síðar.

Númer í aðfangabók voru 13.820 um áramót 1976/1977. Þessi tala gefur þó ekki réttar upplýsingar um eintakafjölda í safninu, því fram að þessu hefur ekki verið færð skrá yfir ónýtar og glataðar bækur. Hins vegar er stór hluti af safni Árna G. Eylands enn ófærður inn í aðfangabók, það sem óbundið er. Hefur sá háttur tíðkast að skrá ekki inn tímarit og blöð fyrr en þau eru komin

í band. Verður reynt að herða sóknina á þessum vígstöðvum, og er nú t. d. ákveðið að hefjast handa við bókband á safni Árna og koma því í viðunandi horf.

Útlán á árinu voru samtals 21.001, sem er 10,3% aukning frá fyrra ári. Skiptast þau þannig niður í grófum dráttum:

Þýddar skáldsögur	13.445	eða	64.0%
Skáldverk eftir íslenska höf.	4.031	—	19.2%
Ævisögur og fræðibækur ýmisskonar	2.925	—	14.0%
Tímarit	515	—	2.4%
Skáldverk á erlendum málum	85	—	0.4%

Samtals: 21.001

Sex íslenskir höfundar voru með yfir hundrað útlán og var Guðrún frá Lundi þar langhæst með 190 útlán. Aðrir voru Ingi-  
björg Sigurðardóttir 126, Ragnar Lár 122, Guðmundur Daniéls-  
son 119, Ármann Kr. Einarsson 111 og Snjólaug Bragadóttir 106.  
Á bilinu fimmtíu til hundrað útlán voru 21 höfundur. Einnig  
naut tímaritið Satt mikilla vinsælda og var lánað í 362 skipti.  
Safnið var opið fjórum sinnum í viku, alls 10 klst. og útlánadag-  
arnir samtals 116. Lánþegar voru frá hausti 1975 til vors 1976:  
229 fullorðnir og 149 börn. Verð á notenda skirteinum var kr.  
1000.00 fyrir fullorðna, kr. 400.00 fyrir ellilífeyrisþega og kr.  
100.00 fyrir börn. Keyptar bækur voru 633, miðað við 263 á  
árinu 1975.

Notkun Safnahússins hefur mjög aukizt allra síðust ár, svo  
segja má, að það sé nú fullnýtt flesta daga frá morgni til kvölds  
yfir vetrartímamann. Margir aðilar hafa fengið aðstöðu til starf-  
semi sinnar og skulu nefndir nokkrir þeir helztu: Tónlistarskól-  
inn hefur hér nær alla sína kennslu, ennfremur fer hér fram  
hluti af söngkennslu barnaskólans. Samkór Sauðárkróks hefur  
æft hér, oftast tvö kvöld í viku, og ýmsir aðrir hafa fengið inni  
til söngæfinga eða hljóðfæraleiks. Bæjarstjórn heldur hér sína  
fundir og sýslunefnd, sögufélagið og fleiri aðilar. Haldnar voru

málverkasýningar, hljómleikar, fyrirlestrar, endurskoðendur  
hreppsreikninga voru hér löngum stundum, segulbandsupptök-  
ur hjá leikfélaginu og fleira mætti tína til. Skiptist þetta þannig  
niður: Bæjarstjórnarfundir voru 16, aðrir fundir 11, sýningar 7,  
tónleikar 6, fyrirlestrar 2 og dómping 1.

Aðkallandi er orðið að ljúka smíði hússins. Kjallari er allur  
ófrágenginn og lítt nothæfur eins og er. Einnig er eftir að inn-  
réttu geymslu á neðri hæð, og líða söfnin þegar бага vegna  
geymsluskorts. Þá vantar enn ýmsan búnað til hússins, sem koma  
verður smátt og smátt eftir því sem efni standa til.

H. P.

# Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

## 30 ára

### 1

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga stendur á þrítugu. Á aðalfundi sýslunefndar vorið 1947 var einróma samþykkt „að stofna þegar til héraðsskjalasafns fyrir Skagafjarðarsýslu, samkv. lögum þar um. . .“ Sú ákvörðun sýslunefndar að efna upp á stofnun skjalasafns jafnskjótt og lög gengu í gildi þar að lútandi, var reist á gömlum grunni: Árið 1937 stofnuðu áhugamenn í héraði Sögufélag Skagfirðinga og hófu þegar undirbúning bókaútgáfu, sem fram hefur verið haldið síðan. Jafnframt henni var nokkur gangskör gerð að söfnun heimilda. Afrakstur varð þó ekki giska mikill framan af, en nægði til þess að stappa í þá stálinu, sem vörð stóðu um þann veika gróður. Það háði mjög útgáfustarfi sögufélags, að fátt var um gömul sýslunargögn heima í héraði. Þau voru komin á Þjóðskjalasafn, svo sem kirkjubækur frá 19. öld. Safnalögin frá árinu 1947 heimiluðu varðveizlu ýmissa opinberra gagna heima í héraði, þó ekki kirkjubóka. Því var hafizt handa um afritun á þeim. Ári áður en Héraðsskjalasafn Skagfirðinga var stofnað, keyptu sýsla og sögufélag í sameiningu allmikið af handritum úr dánarbúi Péturs Zonhóniassonar ættfræðings; var það góður safnauki.

Þegar Sögufélag Skagfirðinga komst á laggirnar, voru bókasafnsmál sýslunnar í óreiðu, safnið lítið og í óhæfu húsnæði. Félagsmönnum var ljóst, að gott bókasafn var forsenda sögulegra

rannsókna. Sýslunefnd gekkst því jafnframt fyrir því, að bókhlaða væri reist yfir safnið. Komst það í kring sama ár og Sögufélagið var stofnað, og fékk það geymslu þar.

Framan af var bókasafninu ekki þröngur stakkur skorinn í nýjum húsakynnum, en ekki leið á löngu, unz þrengjast tók um það, og segir frá því á öðrum stað í ritlingi þessum.

Þegar Héraðsskjalasafn Skagfirðinga var stofnað, fékk það inni í bókhlöðunni. Þótt það væri þá lítið að vöxtum, var ekki búið í básinn fyrir það, svo að viðhlítandi væri, þrengslin sögðu til sín. Var því fyrst komið fyrir í litlum skáp, og er það sprengdi af sér þá hirzlu, voru handrit geymd á víð og dreif um safnið, innan um bækur, í kössum og koffortum. Þó var stefnt að því að auka það í von um, að úr rættist.

Laust fyrir 1960 var keypt lesfilmusafn það, sem löngum hefur verið kennt við Mormona, þar eð þeir festu hér fyrst handrit á lesfilmur. Í filmusafni þessu var helftin af kirkjubókum landsins, dómsmálabækur, skiptabækur, ættfræðihandrit, og mætti svo lengi telja. Í kjölfar þessa fóru að sjálfsögðu kaup á lesvél, og héraðsskjalasafninu var fundinn nýr samastaður: á efri hæð bókhlöðunnar. Eigi löngu síðar afhenti Sögufélag Skagfirðinga safninu öll handrit sín að gjöf.

Þótt allvel hefði greiðzt úr vandanum, var safnið ekki opnað almenningi; húsnæði leyfði það ekki, en þeim, sem unnu að fræðistörfum, stóðu þar opnar dyr. Safnið var og enn óskrásett.

Þegar líða tók á sjöunda áratuginn, sótti í sama horf og fyrir: handrit hurfu ofan í kassa og kirnur og vissu fæstir, hvað þar var að finna. Bókasafnið var engu betur á vegi statt. Því var ráðizt í það stórvirki að reisa Safnahús Skagfirðinga.

### 2

Héraðsskjalasafnið fluttist í hin nýju og veglegu húsakynni árið 1971 og var opnað til almennings nota í febrúar 1972. Afgreiðslutími var í lágmarki þess, sem lög heimila: 6 klst. á viku.

Þegar hér var komið sögu, var safnið orðið allmikið að vöxtum,

því að Þjóðskjalasafn hafði fengið því skagfirzk sýslunargögn til varðveizlu, svo sem lög gerðu ráð fyrir; auk þess hafði því bæzt í bú frá mörgum aðilum á alllögum starfsferli.

Nú var rúmt um safnið, þótt allmikið væri að vöxtum: Stór skjalageymsla og lesstofa á efri hæð hússins og auk þess rúmgóð geymsla á neðri hæð. Fyrstu árin var þó — að vonum — skortur á tækja- og húsbúnaði. Sá vandi leystist smám saman. Nýr búnaður kom í lesstofu, stór og vönduð ljósritunarvél og ný lesvél af fullkornustu gerð, sem er af þeim kostum gjör, að hún tekur fótostöt eða ljósmyndir af filmum, eftir því sem þurfa þykir. Í skjalageymslu og skrifstofu á efri hæð, voru settar upp vegghillur, sumpart staðlaðar fyrir handritaöskjur; rakatæki keypt, leslampi með stækkunargleri til að auðvelda handritalestur og svo að lokum ritvél og önnur skrifstofuhúsgögn. Verður því ekki annað sagt en safnið sé á ytra borði vel í stakk búið.

### 3

Um innviðu safnsins — skjalgögnin — gegndi nokkuð öðru máli; lætur það að líkum, þegar þess er gætt, að viðað hafði verið að því í aldarljórðung án þess að skrásetning gæti farið fram. Og ekki létti það róðurinn, að nú hófst skipuleg söfnun handrita. Á árum áður höfðu verið gerðar nokkrar tilraunir til innheimtu sýslunargagna, en árangur orðið lítill. Þótti því einsætt að fá yrði mann til að fara um allt héraðið í þessu skyni. Slíkt var kostnaðarsamt og stofnuninni ofviða. Þá reyndi sem oftast á fórnfýsi áhugamanna: Björn Egilsson á Sveinsstöðum bauðst til þessa starfs án endurgjalds. Síðustu ár hefur hann farið um byggðir Skagafjarðar og dregið svo mikinn afla að í opinberum gögnum og almennum handritum, að furðu gegnir. Hefur þar margt komið í leitirnar, sem löngu var talið glatað, svo sem ýmis handrit frá 18. öld. Þótt hlutverk Björns væri fyrst og fremst að innheimta afhendingarskyld skjalgögn, var honum falið á hendur að mælast til þess, að handrit í einkaeign væru og fengin safninu til varðveizlu. Bar það mikinn og góðan ávöxt, og eru ekki enn öll

kurl til grafar komin. — Auk þess sem Björn hefur lagt safninu í bú, hefur því síðustu ár borizt gjafir frá einstaklingum hvaðanæva af landinu og eru þær enn að berast.

Um leið og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga þakkar öllum þeim mörgu, sem sýnt hafa því þá vinsemi og traust að fá því handrit til varðveizlu, vill það beina þeim óskum til þeirra, sem eiga í vitum sínum gömul skrif, hvort sem er á bókum eða lausum blöðum, að gefa Héraðsskjalasafninu kost á varðveizlu slíkra gagna.

### 4

Skjalasafnið er í raun tvískipt. Það gegnir því hlutverki, sem því er ætlað með lögum, að varðveita opinber sýslunargögn. En það hefur engu miður verið unnið að söfnun handrita almenns efnis, sem áður segir, haldið á lofti því merki, sem hafið var með stofnun Sögufélagsins, og enn er unnið að því að leita uppi gömul handrit. Í safninu eru því margs konar leifar þess veganestis, sem horfnar kynslóðir þurftu á lífsgöngu sinni: riddarasögur, rímur og þulur; bænir, sálmar og stólræður, líkræðusöfn; ævisöguþættir, kvæði og kviðlingar; staðháttalýsingar, sagnaþættir, dagbækur og einkabréfasöfn, o. s. frv. Helft þessa hefur borizt til safnsins síðustu árin.

Eitt elzta handrit safnsins er Konungs skuggsjá og Sverris saga á einni bók, skrifuð af Magnúsi Þórólfssyni um 1660. Frá 18. öld kennir ýmissa grasa, svo og frá öndverðri 19. öld.

Rétt er að taka fram, að alltorvelt reyndist í fyrstu að fá einkabréfasöfn og dagbækur til varðveizlu í safninu. Því hefur verið reynt að leiða eigendum slíkra gagna fyrir sjónir, að ekkert er hægara en að skilyrða slíkar gjafir, t. a. m. að ekki verði notaðar fyrir en að vissum tíma liðnum, ennfremur má skila þeim innsigluðum og láta getið á umslagi, hvenær opna má, sem þá yrdi gert að lögboðnum hætti. Slíkar gjafir hafa borizt safninu. Þar eru og ýmis handrit frá þessari öld, sem ekki er flíkað, þótt engar kvaðir hvíli á þeim frá hendi gefenda, og farið með sem trúnaðarmál.

Brátt þótti sýnt að lengja þyrfti starfstíma við safnið, en í fyrstu var aðeins miðað við afgreiðslutíma, 6 klst. á viku, sem fyrr segir. Er vinna nú miðuð við  $\frac{1}{3}$  úr fullu starfi og fullnægir engan veginn þeim kröfum, sem gerðar eru til þess, þótt maður hafi verið fenginn til skrásetningar nokkrar vikur á sumri, og verður síðar að því vikið. Síðustu ár hefur allt kapp verið lagt á að spyrja uppi og bjarga frá glötun handritum og færa í aðfangabók og grófflokka þau. Lokaskráning og handritalýsing er mjög skammt á veg komin, þegar á heildina er litið, enda er hér um að ræða afrakstur 40 ára söfnunarstarfs.

## 5

Þegar Sögufélag Skagfirðinga komst á fót fyrir 40 árum, barst því fljótlega nokkuð af ljósmyndum, og eftir því sem stofnuninni óx fiskur um hrygg, bættist í búið. Er Héraðsskjalasafn Skagfirðinga komst á laggirnar, tigliðu ýmsir því á sama hátt. Sögufélagið afhenti síðar Héraðsskjalasafninu myndasafn sitt, sem var að langmestu leyti mannamyndir. Sökum húsnæðisleysis var þessu safni lítil sómi sýndur, og var allt óskráð.

Þegar safnið fluttist í nýtt húsnæði, var farið að taka upp úr myndakössunum, blasti þá við sá vandi að nafngreina myndirnar. Kristján C. Magnússon hóf það starf, en entist ekki aldur til að ljúka því. Hann lézt árið 1973.

Fyrirgreint ár gaf Sigrún M. Jónsdóttir, ekkja Kristjáns C. Magnússonar, safninu allt filmu- og ljósmyndasafn manns síns. Það er mikið að vöxtum. Um hálfra aldar skeið hafði hann unnið að söfnun ljósmynda og lagði aukinheldur sjálfur stund á myndatöku. Þarna kennir margra grasa, en uppistaðan er atburða- og umhverfismyndir, — saga héraðsins í myndum í nærfellt eina öld.

Vandi fylgir vegsemd hverri; slíkar gjafir leggja skyldur á herðar. Myndskráningin var nú komin í meira óefni en nokkru sinni að fengnum slíkum safnauka. Loks var það vorið 1976, að maður fór á vegum safnsins til að kynna sér geymslu og umbúnað

ljósmynda í Þjóðminjasafni og hlaut ágæta fyrirgreiðslu. Um sumarið vann hann svo við flokkun og skráningu mannamynda um nokkurra vikna skeið. Var endanlega gengið frá hátt á 3. þúsund mannamyndum — sér þó ekki högg á vatni. Myndgeymsluskápar og annar útbúnaður var keyptur, en Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga hljóp undir bagga með safninu og greiddi vinnulaun. Starfi þessu verður haldið áfram.

Mjög mikið reyndist af nafnlausum myndum, og var fólk boðað í safnið til að líta á þær og farið með myndir til annarra, sem óhægt áttu með að mæta. Bar þetta góðan árangur, þó er enn mikið um nafnlausar myndir, og er óhugsandi að allar þær myndagátur leysist héðan af. Það er því ekki vanþörf á að brýna fyrir fólki að skrifa nöfn við myndir sínar, enginn veit, hvenær slíkt er um seinan. Vill Héraðsskjalasafn mælast til við Skagfirðinga, að þeir gefi sér þegar tóm til þess.

Undanfarin tvö ár hefur safnið unnið að öflun ljósmynda, enda stendur það betur að vígi, er skráning er hafin. Talsvert af myndum rak og á fjörur þess, þegar það var opnað almenníngi. Áhuginn nú beinist ekki hvað sízt að hvers konar heimildamyndum, atburða og umhverfis. Þeirri gerð hefur löngum verið minni sómi sýndur en mannamyndum. Verklegar framkvæmdir síðustu 50 ára hafa valdið miklum umhverfisbreytingum; þar sem áður var óræktað land, er nú gróið tún; torfbæirnir horfnir; hluti byggðarlaga jafnvel kominn undir vatn (Stífla í Fljótum); gamlir atvinnuhættir úr sögunni, o. s. frv.

Komið hefur í ljós, að í eigu ýmissa einstaklinga eru nokkur söfn umhverfis- og atburðamynda. Flestar þeirra eru að vísu teknar með ófullkomnum vélum („kassavélum“), sem áður á árum voru ætlaðar áhugamönnum. Þær gátu skilað ágætum árangri við sæmileg skilyrði. Af slíkum myndum er oftast aðeins til eitt eintak, en filma glötuð. — Þökk er safninu í að fá slíkar myndir til varðveislu, en þeir, sem ekki vilja láta laust að sinni, eru beðnir að lána myndir sínar til eftirtöku. — Nokkur gangskör hefur verið gerð að því að afla skagfirzkra umhverfis- og mannamynda erlendis frá, og hefur það þegar borið nokkurn árangur.



Héraðsskjalasafnið tekur fegin hendi við myndum, og mun eftirleiðis standa betur í ístaðinu en hingað til varðandi umbúnað þeirra. Flokkunar- og skráningarstarfið var þegar frá upphafi rækt af alúð og kostgæfni.

Enn má geta þess, að Héraðsskjalasafn Skagfirðinga á nokkurt safn hljóðritana og draga þar drýgst upptökur efnis, sem þjóðháttadeild Árnastofnunar stóð að og flestum er í fernsku minni. Nokkuð er og til af eldri upptökum eða frá því laust eftir 1950.

Örnefnastofnun hefur afhent safninu afrit af örnefnaskrá Margeirs Jónssonar með nokkrum íaukum. Er þess vænt, að gestir safnsins líti á þessar skrár og auki við eftir getu.

## 6

Eins og áður segir, er safnið opið til afgreiðslu og almennra nota sex klukkustundir á viku: á fimmtudögum kl. 8–10 og föstudögum kl. 2–6. Með þessu er þó ekki hálsögð saga, því að mestur hluti afgreiðslunnar fer fram utan þessa tíma. Safninu berst fjöldi fyrirspurna hvaðanæva af landinu og einnig erlendis frá, ekki hvað sízt frá þeim, sem eru að setja saman bækur, um sagnfræði, félagsvísindi, læknisfræði, o. s. frv. Á síðasta ári voru afgreidd 166 slík erindi, sum þeirra ærið tímafrek. Reynt er að öðru jöfnu að láta þá sitja fyrir um afgreiðslu, sem vinna að útgáfu bóka eða að hvers konar rannsóknnum, og þá ekki sízt viðskiptavini sem lengst eiga að sækja: frá Noregi, Svíþjóð, Englandi, Bandaríkjunum og Kanada. Tefur það afgreiðslustarf mjög, hve fullkomin skráning er skammt á veg komin.

Frá því safnið var opnað hafa háskólastúdentar sótt safnið að staðaldri og unnið þar mánuðum saman að prófritgerðum sínum, ef þeir hafa valið sér skagfirzkt eða samnorðlenzkt ritgerðarefni. Góð vinnuaðstaða á safninu hefur sparað þeim tíma og fé, enda hafa þeir þrásinnis sýnt, að þeir kunna að meta slíka fyrirgreiðslu.

Gestir safnsins voru fyrsta starfsárið (1972) 532, árið 1973 voru þeir 343, árið eftir 640, árið 1975 1014 talsins og síðastliðið ár 525.

## 7

Starfið við safnið hefur hlaðið utan á sig á sama hátt og snjóboltinn. Hver ný handritagjöf, krefst aukinnar vinnu, eins og vera ber. Því verður ekki unað öllu lengur, að skráning skjalgagna sé látin sitja á hakanum. Safnið krefst æ meiri vinnu, ef það á að rækja skyldur sínar við þá mörgu, sem til þess leita.

Safnið hefur nánast engar beinar tekjur fremur en önnur söfn með svipað starfssvið. Sýsla og bær leggja því hverju sinni og ákveða framlagið að fengnum tillögum safnsstjórnar. Verður ekki annað sagt, en að vel hafi verið að verki staðið, þegar þess er gætt, að fé er af skornum skammti en í mörg horn að líta. Ríkisvaldið hefur jafnan staðið illa í ístaðinu, þegar haft er í huga, að héraðsskjalasöfn eru í raun eins konar ríkisstofnanir, útibú frá Þjóðskjalasafni, og öll sýslunargögn þar ríkiseign. Hér hefur verið lagt meira af mörkum en á móti hefur komið frá ríkinu. Og það er rétt, að það komi fram, að fjölmörg dýrmæt handrit – sum hver raunar gersemar – hefðu aldrei á safn komið, ef héraðsskjalasafnsins hefði ekki notið við. Aðstaða heimamanna til að drátta er allt önnur en þeirra, sem sitja skrifstofustóla í Reykjavík. Af þeim sökum hafa héraðsskjalasöfn miklu hlutverki að gegna, hlutverki, sem aðrar stofnanir valda ekki, eins og raunar hefur sýnt sig.

Þótt bæ og sýslu hafi farizt vel við safnið og hlúð að því eftir getu, væri þar mun fátæklegra umhorfs, ef það hefði ekki notið fjárstyrks frá öðrum stofnunum og einstaklingum, sem lagt hafa því fé, svo að milljónum skiptir. Segja má, að mestallur tækjabúnaður safnsins sé t. a m. keyptur fyrir gjafafé. Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks hefur veitt stórfé til þess og orðið því ómetanleg stoð; Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga hefur árlega veitt því styrk, og er fyrr að því vikið, svo og einstaklingar. Má þar nefna Ottó A. Michelsen forstjóra, Reykjavík. Þorsteinn Jónsson (Þórir Bergsson) rithöfundur gaf safninu öll handrit sín og höfundarrétt einnig (útgáfu- og flutningsrétt). Hefur safninu orðið að góð tekjulind. Einnig gaf ekkja Sigurðar Helga-

sonar tónskálds, Hildur, sænskættuð, bandarísk kona, héraðsskjalasafninu útgáfu- og flutningsrétt að laginu *Skin við sólu Skagafjörður*, og drýpur drjúgt af þeirri gjöf árlega, og óneitanlega er viðfelldnara, að Skagfirðingar eigi höfundarrétt að héraðssöng sínum en einhverjir bandarískir aðilar vestur á Kyrrahafsströnd. — Enn fleiri hafa rétt safninu örvandi hönd.

Áður er getið Menningarsjóðs Magnúsar Bjarnasonar kennara og framlags Verkamannafélagsins Fram á Sauðárkróki. Á eftir að koma betur í ljós, hvílik lyftistöng sá sjóður verður safninu.

Árið 1961 stofnuðu hjónin á Reynistað, Jón Sigurðsson og Sigrún Pálmadóttir, kona hans, *Fræðasjóð Skagfirðinga*, sem er í vörzlum héraðsskjalasafnsins og lýtur stjórn þess. Hlutverk hans er að efla og verðlauna fræðilegar ritgerðir um skagfirzka efni. Sjóðurinn hefur til þessa veitt fjórum mönnum viðurkenningu, og bíður hans mikið hlutverk. — Svo sem kunnugt er, átti Jón á Reynistað mikið handritasafn. Eftir lát hans létu ekkja hans og sonur handrit öll ganga til héraðsskjalasafnsins, og er sú gjöf meiri að vöxtum en nokkur önnur, sem því hefur borizt.

Rétt er að taka fram, að styrkir þeir, sem um getur hér að framman svo og sjóðir, eru ekki ætlaðir til að standa undir daglegum rekstri stofnunarinnar.

## 8

Að lokum skal ítrekað, þótt þess ætti ekki að gerast þörf, að betra er ekki hægt að gera Héraðsskjalasafni Skagfirðinga en að fá því til varðveislu yngri sem eldri skrif, og ekki verður hendi slegið móti upppláttar- og fræðiritum, en bókakostur safnsins er að vonum enn í rýrara lagi. Þeir, sem ekki vilja láta handrit laus að sinni, ættu að leyfa ljósritun á þeim. Og tekið skal fram, að þeir, sem afhenda handrit, geta fengið ljósrit af þeim á safninu. — Safnið er og kaupandi að handritum og fræðibókum.

Ennfremur er þeim tilmælum beint til þeirra, sem gamlar bækur eiga og eru af þeim kostum gerðar, að saurbloð þeirra eru gömul sendibréf eða önnur skrif, að koma með þær á safnið við

tækifæri, svo að ljósrita megi párið, ef vert þykir, en að öðrum kosti að láta safnið vita um slík rit. Fyrir kemur að efni saurbloða er prentefninu merkara.

Það er ósk Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, að þar verði löngum gestkvæmt, þótt nokkurt vandhæfi sé á að taka gestum eins vel og skylt er, en reynt verður að bera fyrir þá það, sem bezt er til í kotinu. Sá hefur löngum verið háttur Íslendinga.

K. B.

## Skrá yfir gefendur handrita 1976

Berta Karlsdóttir, Sauðárkróki.  
Bjarni Haraldsson, kaupm., Sauðárkróki.  
Björn Egilsson, Sveinsstöðum, Lýt.  
Friðrik Hallgrímsson, Sunnuhvoli, Akr.  
Gísli Magnússon frá Frostastöðum, menntaskólakennari, Rvík.  
Guðjón Sigurðsson, bakaramestari, Sauðárkróki.  
Hannes Pétursson, skáld, Rvík.  
Hjörtur Benediktsson, Marbæli, Seyl.  
Hróbjartur Jónasson, múraramestari, Hamri, Ríp.  
Indiana Sigurdson, Árborg, Man. Kanada.  
Magnús Gíslason, Frostastöðum, Akr.  
Magnús Gíslason, Vöglum, Akr.  
María Haraldsdóttir, Bolungavík.  
Monika Helgadóttir, Merkgili, Akr.  
Pétur Jónasson, Sauðárkróki.  
Ragnhildur Helgadóttir, Sæbraut 6, Seltjarnarnesi.  
Sigurður Pétur Björnsson, útibússtjóri, Húsavík.  
Sigurður Kristjánsson frá Lundi, Hofsósi.  
Stefán Jónsson, Höskuldsstöðum, Akr.  
Stofnun Árna Magnússonar, Rvík.  
Þjóðminjasafn (myndadeild).  
Ögmundur Helgason, menntaskólakennari, Rvík.

## Nokkur orð um örnefni

Örnefnastofnun Íslands vinnur nú að skráningu örnefna á jörðum vítt og breytt um landið og mun að því stefnt, að allar jarðir landsins komist á þá skrá og verði hún svo ýtarleg sem kostur er. Hér í Skagafirði var tiltölulega snemma byrjað á þessu starfi að tilhlutan Margeirs Jónssonar fræðimanns á Ögmundarstöðum. Safnaði hann í öllu héraðinu og bjargaði miklum sjóði. Hins vegar eru þær skrár mjög misjafnar sem að líkum lætur. Af mörgum jörðum virðast örnefnalýsingar nokkuð góðar, en þó eru hinar mun fleiri, sem greinilega má bæta um. Má nokkuð ráða slíkt af þeim fjölda örnefna, sem getið er. Algengt er, að 60–100 örnefni séu á meðaljörð, svo þegar ekki finnast nema 5–20 nöfn skráð sumsstaðar, gefur auga leið, að mikið muni á vanta. Þar að auki eru allnokkrar jarðir, sem alls ekki eru til á skrá.

Nokkuð hefur verið gert að því hin síðustu ár að endurbæta og gera nýjar örnefnaskrár af jörðum hér í Skagafirði, en mikið verk er óunnið, sem ekki bíður sér til batnaðar, því örnefni týnast með hverri genginni kynslóð og þó aldrei frekar en nú með tilkomu breyttra búskaparháttar. Þá er og jafnan hætta á ferðum þegar ábúendaskipti verða. Héraðsskjalasafnið vill mjög gjarna stuðla að skráningu og söfnun örnefna í samvinnu við Örnefnastofnun og komast í samband við fólk í héraðinu, sem vill leggja þessu máli lið. Hingað á safnið er nú kominn allmikill bunki af skráum frá Örnefnastofnuninni, er það mestmegnis úr hreppunum vestan Vatna. Hefur sýslunefndin undanfarin ár veitt þangað nokkurt fé til að vélrita skrár úr Skagafirði, þannig að von er á, að brátt bætist við það, sem þegar er hingað komið.

Nú viljum við beina máli okkar til allra þeirra, sem aðstöðu hafa til að endurskoða skrár um sínar ábýlisjarðir, að þeir komi við hentugleika eða hafi samband við okkur í Safnahúsinu. Munum við þá reyna að veita upplýsingar og aðstoða eftir föngum. Fólk, sem vill endurskoða, getur fengið ljósrít af örnefnaskráum. Ef tiltekin skrá er ekki komin hingað, getum við kallað eftir henni til Örnefnastofnunar, því hér er yfirlitsskrá sem sýnir hvað til er þar syðra úr Skagafirði.

Menningararfleifið okkar er snúin mörgum þáttum, einn þeirra er örnefnin og þann þátt má tíðum rekja allt til landnámsaldar. Við skulum sem flest reyna að stuðla að því, að ekki týnist þræðirnir, sem enn má finna.

H. P.

## Safnafréttir

Meðal gjafa, sem safninu hafa borizt á árinu 1977, má nefna:

*Rímur af Göngu-Hrólfí Sturlaugssyni* eftir Bólu-Hjálmar. Gefandi: Stefán Jónsson, Höskuldsstöðum.

*Þáttur af Eiríki í Djúpadal*. Gefandi: Arnljótur Helgason, Merkigarði.

*Sendibréfasafn Hjartar Kr. Benediktssonar*, Marbæli; gefið af honum sjálfum.

*Stefán Vagnsson: Vinasafn*. Lausavísnaýrpa mikil (ljósrít). Stefán Vagnsson efndi upp á og dró að föng hvaðanæva. Gefandi: Páll Sigurðsson dósent, Reykjavík.

*Gjörðabók Ræðuklúbbs Sauðárkróks 1894—1902*. Bók sú fannst í rusli í Hafnarhúsi. Merk heimild um mannlíf á Sauðárkróki fyrir aldamót.

Að ári verður gerð nánari grein fyrir gjöfum til safnsins.

Söfnin hafa eins og að undanfögnu átt hauk í horni þar sem er Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks. Að þessu sinni veitti sjóðurinn bókasafninu kr. 561.000 til bókakaupa.

Listasafn Skagfirðinga er varðveitt í Safnahúsinu. Það var stofnað með framlagi Menningarsjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks árið 1968. Það á nú milli 30—40 listaverk. Það er enn í mótun, og verður væntanlega gerð nánari grein fyrir því í Safnamálum síðar.

Í tilefni 50 ára afmælis Jóhannesar Geirs listmálara ákvað Junior Chamber á Sauðárkróki að stofna til sýningar á verkum hans, og fór hún fram í Safnahúsinu dagana 15.—26. júní. Þessi listkynning var fjölsótt og vakti hrifningu.

Í lok sýningarinnar bauð Jóhannes Geir listasafninu málverk að gjöf og seldi stjórn Safnahússins sjálfðæmi um myndarval. Kaus hún listasafninu til eignar olíumálverk, *Ellíðaár um vetur* (1977).



# útlán

## BÓKASAFNIÐ


Mánudaga	kl. 5— 7 s.d.
Miðvikudaga	kl. 4— 7 s.d.
Fimmtudaga	kl. 8—10 s.d.
Föstudaga	kl. 2— 7 s.d.

*Lestrarsalur er opinn á sömu tímum.*

## HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

*er opið til afgreiðslu:*

Fimmtudaga	kl. 8—10 s.d.
Föstudaga	kl. 2— 6 s.d.



SAFNAHÚS  
SKAGFIRÐINGA